

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbréfa 1993. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1993, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki b kr. 1 000 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1993 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala ágústmánaðar 1993.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. ágúst 1993, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. ágúst 1993.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. nóvember 1994. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. ágúst 1994. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Pau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. ágúst 2018. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fynrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skráttaskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum ári, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir kirkjumíðstöð við Vestmannsvatn í Aðaldal,
Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumíðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumíðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem samarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt meðfylgjandi gjafaafsali. Eignir þessar eru afhentar skuldlausar og án allra kvaða. Stofnfé stofnunarinnar er það húsnæði sem eigninni fylgir.

2. gr.

Starfsemi kirkjumíðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumíðstöð.

3. gr.

Tekjur kirkjumíðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir sjö menn. Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis, héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis, héraðsfundur Skagafjarðarprófastsdæmis, héraðs-